Sþ. **73. Tillaga til þingsályktunar** [70. mál]

um lánveitingar út á smábáta og vátryggingar smábáta.

Flm.: Karl Kristjánsson, Eiríkur Þorsteinsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum til þess, að fiskveiðasjóður veiti framvegis lán út á smábáta í samræmi við lán út á stærri báta, án þess að krefjast baktryggingar, enda séu smábátarnir vátryggðir í samræmi við vátryggingu hinna og tryggingarfélög skylduð, ef með þarf, til þess að taka þá í tryggingu.

Greinargerð.

Útgerð litilla vélbáta hefur reynzt farsæl víða á landinu, þótt draumar um stórútgerð skyggðu á hana í hugum manna um skeið. Margir menn, sem eru ötulir til sjálfsbjargar, hafa nú hug á því að koma sér upp smábátaútgerð. Síldveiðarnar hafa brugðizt norðanlands í 8 ár samfleytt, svo að annað verður að reyna. Rýmkun landhelginnar gefur vonir um auknar fiskgöngur á veiðisvæði smábátanna, grunnmiðin.

En þeir fiskimenn, sem vilja kom sér upp litlum vélbátum, eiga mjög torvelt með að fá lán til þess út á bátana. Fiskveiðasjóður er helzta hjálparhellan, en hann lánar þó ekki út á þessa litlu báta, nema sett sé baktrygging, svo sem fasteignaveð eða ábyrgð sveitarfélags; telur, að vátrygging bátanna sé of ófullkomin til þess, að hægt sé að taka þá fullgilda sem veð.

Þetta er slæmur þröskuldur. Ýmsir, sem hafa bæði vilja og aðstöðu til þess að gera út smábát, eiga enga veðhæfa fasteign. Mörgum þessara manna er, sem betur fer, móti skapi að leita til sveitar um ábyrgð, og sneiða þeir hjá því í lengstu lög. Verður því oft ekki af framkvæmdum, og atvinnuleysingjum fækkar ekki, sem annars hefði orðið. Hér verður að ráða bót á. Stendur ríkisvaldinu næst að gera það, eins og málum er komið, hlutast til um, að fiskveiðasjóður veiti lán út á bátana án sérstakra baktrygginga, og koma því í kring, að vátryggingarfélögin taki bátana í þá tryggingu, að þeir verði veðhæfir og um leið áhættuminni eign fyrir sjómennina en nú er.